Símaminnisblað

Símanr.	Nöfn.	Símanr.	Nöfn.

Minnisblað

Fm.:

Jan. 9.
10.
11.
19. – kem 70
20.
21. – 70
23. – 60
24.
25.
26.
29. – 111
28. – 60
30. – 60
31. 430

14

Febr. 1. kem 60
2. – 60
6. – 60
7 – 60
13. – 60
14. – 60
20.
21. 80 = 440

Mars 7. – 80
30.
31.

April 3.
5.
7.
10.
11.
12.
13.
14.

Maí 8.
10. – 50
18. – 50
29. – 50

16. – 50

Júní 30.

Júl. 12. – kem 80
14. – – 40
16. – – 120
17. – – 110
18. – – 110
21. – – 110
22. – – 110
23. – – 110
24. – – 110
25. – – 110

Sept. 12. –
25. – – 110
26. – – 110
27. – – 110
28. – – 110

Okt. 2. – 110
3. – 30
26. – 30
27. – 110
28. – 110

Nóv. 17. – 30
24. – 55
25. – 0
24. – 0
29. – 55
17. – 55
28. – 0
29. – 0
30. – 55

Des. 4. – ?
5. –
6. –

Minnisblað

Minnisblað

Vinna við fm. 66 – 67.355 – skaddfrontal

Minnisblað

Janúar 1967

Sunnud. **1** Hozur NA, léttskýjað - smá él til fjalla ÷ 6°. Fórum í heimsókn að Dvergasteinum. Systkinin fóru heim til sín síðdegis.
- Í kvöldfréttum var sagt a 10 Íslendingar hafðu verið somdir Fálkaorðu. Var ég eimpeirra.

Mánud. **2** NA hozviðri, léttskýjað. ÷ 5°

Þriðjud. **3** NA andvari, bjart. ÷ 12°.
- Þorkelína Eiríksdóttir frá Horingsstaðahjáleigu andaðist í morgun.

Miðvikud. **4** NA, A kaldi, skýjað - ísing að kvöldinu ÷ 4° - ÷ 1°.

Janúar 1967

Fimmtud. **5** Hozur S., rigning. + 4°. Þoka.
- Ég fór að jarðarfór Skula Gunlaugssonar í Bróðratungu. Þar hafði ég ekki komið áður.
- Mikil hálka á vegum.

Föstud. **6** Þrettándinn. Hozur NA. léttskýjað. + 2° - ÷ 2°.
Ég fór til Rv. Sat stjórnarfund Þunsólunnar.

Laugard. **7** 12. v. vetrar. NA andvari, léttskýjað. ÷ 3°.
Ég fór að Selfossi. Sat stjórnarfund M. B. F.

Janúar 1967

Sunnud. **8** Hozviðri (vestan) þoka og ising ðrulvorn. Eg fór að Þjórsartúni – nefndarfundur á vegum Framsóknarflokksins um landsmál.

Mánud. **9** Sv andvari, þoka með köflum +5° – Eg fór að Holi – fm. – Sigmundur sótti mig. Mikil ~~[illegible]~~ hálka

Þriðjud. *Nýtt tungl.* **10** Sv. kaldi. þoka + Vinnum að fm. Holi

Miðvikud. **11** Sv kaldi, þurt am. +3°–5° – Vinnum að fm. – Sigmundur keyrði mig heim í kvöld.

Janúar 1967

Fimmtud. **12** Hvast vestan, rigning fram eftir degi. + – Fórum að jarðarfór þorkelínu frá Haustlúsum – ég var líkan.

Föstud. **13** Hozviðri, krapaskúrir, ising

Laugard. *13. v. vetrar.* **14** Stinningskald sunnan, þoka og rigning. +7° – Fórum að jarðarfór Jarðþrúðar Einarsdóttur frá Tóttum – jarðsett í Laulvarjaba. Jarðþrúðar var gáfuð, kunnari að mentun, viðsín og margfróð. Var gott að róða við hana um heimspekilig efni, og bókmentir. Áttum við margar ánozjustundir saman og var vel til vina.

Janúar 1967

Sunnud. **15** S – Sv. kaldi, þoka og rigning, + 8°
– Vatnflöðir mi yfir veginn milli Holts og Höringsstaða, og vesten Hundahóls.
Lestur: Kirikus frá Helgastöðum (Ásgarði)

Mánud. **16** Vestanátt, él – frostlaust.
Eg fór til Rv., og heim aftur.
– erindi 7 Samsölunnar.

Þriðjud. **17** Hagviðri, síðar NA kaldi, birti til ÷ 0° – ÷ 5°
Baðað.

– Venni er kominn með snert af blóðeitrun – fór til loknis í kvöld, fékk sprautu og „lilki"

Miðvikud. **18** NA gola, bjart. ÷ 6°

Janúar 1967

Fimmtud. **19** NA andvari, bjart ÷ 8°
– Eg fór að Holi – fm.
Syðafór með mér og ók heim aftur (þurfa að nota bílinn heima)

Föstud. *Bóndadagur. Miðvetur. Þorri byrjar.* **20** Austanátt, skýjað, ÷ 1° – + 1°
– Vinnum að fm. – Holi
– Hvesti þegar á deginn leið.

Laugard. *14. v. vetrar.* **21** Austanátt, hvast um tíma, lítilhéttar rigning. + 5°
– Vinnum að fm.
Didda sótti mig.

Janúar 1967

Sunnud. **22** Hagviðri, lettskýjað - þyknaði upp síðl. Hiti um og yfir frostmark.
- Hreppsfundur um niðursuðuverksm. 14 á fundi. Þurf stofnfé 1.5-2 miljónir.

Mánud. **23** A. NA. gola, ljettskýjað - styrðnandi
- Eg fór í morgun á ×250 að Hæli (von er um að ×925 losni úr viðgerð í dag -
Vinnum að fm.

Þriðjud. **24** All hvast A. NA., skýjað. Hiti um og yfir frostmarki.
- Vinnum að fm. - Hæli

Miðvikud. **25** A. NA. kaldi og stinningskaldi, léttskýjað. Hiti að eins yfir frostmarki.
- Vinnum að fm., Hæli

Janúar 1967

Fimmtud. *Fullt tungl.* **26** A. NA stinningskaldi, léttskýjað og bjart ÷ 1° - ÷
- Vinnum að fm. Hæli

Föstud. **27** Hvast austan, þykt loft, en úrkomulust a. m. ÷ 0° - + 3°.
- Við Steinþór fórum út í hauzardal að afla viðbótar upplýsinga vegna fm.

Eg hef verið að lesa „Mannlýsingar" eftir Tinar kvaran
„Tins og þú hrópar í skógum verð ur þér svarað"

Laugard. *15. v. vetrar.* **28** Hvast austan, skýjað + 3°
- Vinnum að fm. Hæli.
Eg fór hem síðdegis. Það gengur ekkert með Hadda.
- Fórum öll á þorrablót, Stokksegri

Janúar 1967

Sunnud. **29** Hogur austan, skýjað + 6°
Gestir: Sigurður Tiríksson, Sandhaugum
-hann gistir. Er að leita sér lokninga
7 skemdar í hnelíðamótum

Mánud. **30** A. NA haldi, skýjað + 3°
Ég fór í fm. að Holi

Þriðjud. **31** Hogur A. NA., bjart a. m. Hiti við 0°
Vinnum að fm., Holi.
- Ég skrapp heim að kvöldinu,
kom við hjá Hadda á sjúkrahúsinu á
Selfossi. Vanir stende til að hann sé
að skána.
- Vann í bókhaldi að kvöldinu

Miðvikud. FEBRÚAR. **1** SA-Sv. kaldi, skúrir
± 5°.
Ég fór að Holi. Vinnum að
fm.

Febrúar 1967

Fimmtud. **2** Suðlag átt, sá sól um há-
degisbilið, skúrir síðdegis.
Unnum að fm. Holi. Ég fór heim
síðdegis.
Gestir: Ingún. bróðir minn, Jakob og
Grímur sonur okkar.
Ingún gistir

Föstud. **3** Hogviðri, skýjað. Styrðnar aðéns.
Ingimundur er áttrœður í dag.
Syskinin í Fjalli, Imba og Svenni
komu og drukku miðdegskaffi með
okkur.

Laugard. 16. v. vetrar. **4** Hogur sv. skúrir.
Við Unnur fórum á Þorrablót
hjá starfsfólki M. B. F.
Þeir buðu stjórninni-ágott

Siggi á Sandhaugum kom
hér aftur í dag og gistir.
Loknar í Rv. töldu ekki hogt að
gera hnéinu neitt

Febrúar 1967

Sunnud. **5** Hvast Sv., él ÷ 3° – Ég fór að fjórsár-
dúni á nefndarfund. Vunni og Nonni fóru
með og áfram með Sig. á Sandlungum
austur á Skógasand – rafmagnstruflanir síðl.

Mánud. Bolludagur. **6** Hogur Sv. smá él ÷ 0°.
Ég fór að S. hungh., fm., gísli.
Hér er komið sjónvarp. Það sést
mjög illa – alt í poku og snjógangi.
Talið heyrist vel.

Þriðjud. Sprengikvöld. **7** Hogur Sv., smá skúrir
– Vinnum að fm., S. hang.
Ég fór heim að kvöldinu

Miðvikud. Öskudagur. **8** S. kaldi, rigning + 5°
Við tennur fórum til Rv. – gistum
í kópavogi.
– Fórum í bíó. Sáum Sigurð Fábnisbana
Sagan nýtur sín ekki í pessari út-
gáfu, en landslagið er fallegt

Febrúar 1967

Fimmtud. Nýtt tungl. **9** Samsala
Hvast sunnan, síðar Sv., rigning
+ 6°.
Ég sat stjórnarfund Samsölunnar.
– Við unnur fórum heim síðdegis.

Föstud. **10** Hogur Sv., síðar S., Skýjað.
– Ég sat stjórnarfund M.B.F.
– Dáum Gísli í Sotúni.
Við unnum saman í hreggs-
nefnd. Það var margt gott um Gísla.

Laugard. 17. v. vetrar. **11** M.B.F. Hvast Sv., él.
Fórum að jarðarfór Markúsar í
Grímsfjósum – ég var líkmaður.
Við tennur fórum með þeim Imbu og
Svenna til Rv. og vorum þar á
Árnesingamóti

Febrúar 1967

Sunnud. Hagvidri, Skýjað

12

Mánud. Hvesti af sudri, rigning

13 – Ég fór að S.-hangh., fm.

Þriðjud. Suðlog átt, skýjað + 6° – 8°

14 Vinnum að fm S-hang.
Ég fór heim

Miðvikud. Fundur R. Austlog átt, lett skýjað

15 fyrst, síðar skúris + 4° – 6° – vorvaður.
Ég fór til Rv. á nefndarfund Stéttarsum
– Keypti í dag sjónvarp, 20.310. – Það er
ekki komið – Í rauninni kvíði ég fyrir
að fá þetta á heimilið, en verra er
að fólkið fari á aðra bæji til að horfa
á þetta.

Febrúar 1967

Fimmtud. Suðlog átt, skúrir síðdegis + 4°

16 Ég var á nefndarfundi í dag.
– Fórum í leikhús í kvöld – Fdnó.
Sáum Pólskt ádeilu leikrit „Tango".
Heimilið er í upplausu, hugsjónamönnunum,
sem ætla að rétta það við mistekst, en doni
sem heldur við húsfrejjuna og fiflar dótturina
hrifsar völdin „Ekkur skal líða vel hjá
mér, en það er ég sem röð" – Mao?

Föstud. Austlog átt, allhvast + 5°.

17 Þurt a. m.
– Héldum áfram nefndarstörfum
og lukum a. m. Ekki veit ég til fulls
hversu líkar þeim er að eiga að búa
(njóta), en ég þikist gert hafa það ég gat
bondum til hags, ef þeir notfora sér og
láta ei aðra um véla. Mér sýnist
bondur egi sjálfir að fara með sitt atkvöðir

Laugard. Þorraþræll. 18. v. vetrar. SA kaldi, rigning

18 – Var á fundi til kl. 11.
Um hádegi fórum við Skúli
austur. Vorum við jarðarfór á
Stokksegri – Lísli í Sotúni.
Fórum suður aftar að hvöldinu

Febrúar 1967

Sunnud. Konudagur. Góa byrjar. Stéttarsamb. fundur

19 A. NA, léttskýjað, +2° - ÷0°.
Framhaldsaðalfundur Stéttarsam-
bandsfundur. Lokið kl. 12

Mánud. NA, stinningskaldi, létt-
20 skýjað. Styrðnandi.
- Var við setningu Búnaðarþ.
Við Steinþór Sæmundsst. 7 fm.
- Fórum að kvöldinu til Keflavíkur.

Þriðjud. A. stinningskaldi, léttskýjað
21 þýtt.
Snúnust 7 fm.
- Fórum heim að kvöldinu.
Vegirnir eru þurrir og ágætir

Miðvikud. A. NA gola, skýjað og
22 léttskýjað. Hiti um 0°.

Febrúar 1967

Fimmtud. Hogur austan, jel og síðar
23 skúrir.
- Skrifuðum upp á Lerði.

Föstud. Fullt tungl. A. NA rok, snjókoma
24 ÷0° - versta veður um tíma.
- Ez fór með Grétari til Ro., í
erindum M. B. F. Vorum hjá endurskoð-
anda að ákveða afskriftir, varasjóð o. fl.
- Vorum boðnir í síðdegisboð landbúnaðar-
ráðherra með Búnaðarþingi o. fl.
Á eftir fórum við heim með Hjalta
Pálssyni og frú. Þar var ánozjulegt að kom

Laugard. 19. v. vetrar. Stinningskaldi A. skýja
25 ÷0° — ÷3°
- Haddi byrjar að grípa í verk
í fjósi. Er búinn að vera frá verki
í 4 mánuði

Febrúar 1967

Sunnud. **26** N. NA stinningskaldi, bjart ÷ 7° – ÷ 5° ÷ 9°.
Gestir: Páll Hallgrímsson og Matthías Ingibergsson
Páll var að fara mér Fálkaorðuna sem mér hlotnaðist 1.1.
Fórum að kvöldinu í liktins Gaulv.

Mánud. **27** NA stinningskald, él fremanaf ÷ 5°

Þriðjud. **28** Norðan rok, skafrenningur, lizudi um hádegis, skýjað og lítt skýjað ÷ 10°

Miðvikud. MARZ. **1** NA kaldi, hvest síðdegis ÷ 13°.
Ég fór til Rv. Gísti í Kópavogi

Marz 1967

Fimmtud. **2** All hvest N. skýjað – snjókoma að kvöldinu.
Ég sat stjórnarfund Samsölunnar. Á eftir höfðum við kaffihöð fyrir Búnaðarfing o. fl. – kl. 4 – 6.30

Föstud. **3** NA. skýjað ÷ 1°.
Ég fór heim síðdegis.
Gestur: Rebekka Eiríksdóttir á Kirkjubóli.

Laugard. 20. v. vetrar. **4** Sv. andvari, sná skúrir + 5° (blíða).
Ég fór að jarðarfór á Stokksegri.
Verið var að jarða dóttur Sig. Ingimundar og Onna Helgad. frá Stokksegri – Esta Jetta voru oskuvinir og félagar minir en flutta til Rv. 1925.
– Fórum öll á hjónaball í Gaulverjabæ.

Marz 1967

Sunnud. **5** Hogur NA, lett skýjað, ÷ 3° – ÷ 5°

Mánud. **6** NA kaldi, él, ÷ 1°
Þónokkur snjór kominn

Þriðjud. **7** Hogviðri (NA. N.), skýjað.
Mun hafa verið frostlaust um tíma, ída vel það.
– Við Steinþór vorum við Sögsstöðvarnar í dag – fm.

Miðvikud. **8** Hogviðri, léttskýjað ÷ 5°

Marz 1967

Fimmtud. **9** Hogur A. NA, snjógangur fram til hádegis, hvessir og rennir að kvöldinu. ÷ 3°.

Föstud. **10** NA, hvast síðdegis, léttskýjað skafrenningur, ÷ 3°.
– Við Lennur fórum til Rv.
7 Tóanum er orðin þingslaforð.
Annarstaðar er snjólaust.

Laugard. **11** 21. v. vetrar. Nýtt tungl. A. NA, skýjað ÷ 4°
Við Lennur vorum í miðdegsboði hjá Bímaðarþingi – á Hótel Sögu þarna var margt af forystuliði landbímaðar ins. Setið var frá 3,30 – 6. Ágot stund.
– Síðar um kvöldið vorum við boðsgest starfsmannafélags Mjólkursamsölunnar á árshátíð þeirra að Hótel Borg.

Marz 1967

Sunnud. **12** Allhvass NA. A. skýjað ÷ 4° – Léttskýjað síðdegis – Snjóað mikið í Atvinnuskóla í nótt – Í hvöld fórum við Lúnus og Hákon í sjóðleikhúsið. Lukkuriddarinn – Ennuð. vel leikið

Mánud. **13** Skiptingsbaldi og all hvass austan, snjókoma öðruhverju ÷ 1°. Í hvöld er spáð austan ofsaveðri og snjókomu á Suðurlandi Í Veðurnuminu voru 13 vindstig kl. (22)11 í hvöld.
Við Hákon fórum á fund sem stúdentar gengust fyrir á Hótel Borg.

Þriðjud. **14** Í Reykjavík og nágrenni varð úrkomulítið og snjókoma frem eftir degi, sv. austan undir hvöldið. Hiti um 0°. Talsverður snjór er kominn hér – snjóað aftur um hvöldinu.
– Flokksþing Framsóknarflokksins sett í hvöld kl. 8. að Hótel Sögu

Miðvikud. **15** Hæg breytileg átt, él. ÷ 1° – 0° Fundum framhaldið á flokksþinginu

Marz 1967

Fimmtud. **16** Hvass austan og snjókomaglytta. síðar b. – sv. og rigning. Allmikið talsvert hlé í Dag.
Flokksþingið haldið áfram.

Föstud. **17** Sv – N. kaldi, léttskýjað og björt ÷ 5°. – Flokksþinginu haldið áfram. – Eg var við jarðarför Önnu Benediktsdóttur á Sunnuhvoli. – Í nótt hófst á Bakka blóðsótt í kúm í Skefilsstaðahreppi. Fórum í sjóðleikhúsið. Frans Gestsýningarbók frá Kínum Veltingatónar mikið – Ágætt

Laugard. **18** 22. v. vetrar. Hvass kuldi og suðvestan rigning, síðar él.
– Bæjarstjórnarfund Samsölunnar. Úrslitin eru ekki kl. en útlitið má telja gott.
Kl. 4 var hátíðasamkoma í Háskólabíói haldin í tilefni 50 ára afmælis Framsóknarflokksins. Ólöf gladdi samkomugesti með fallegum ljóðum. Þ. eftir drukku kaffi saman á Hótel Loftleiðum fulltrúar og gestir úr Suðurlandskjördæmi. Kvöldum kjördæmisins veitt

Marz 1967

Sunnud. *Pálmasunnudagur.* Hvass SV, él, ÷ 1°

19 Drum miðdegis kaffi hjá Aroni Guðbrandssyn – Að kvöldinu vorum við í lokahófi flokkspingsins að Hótel Sögu.

Mánud. *Góuþræll.* Hvass Vestan fyrst, él.

20 Hægur siðdegis + 2°.
Fórum heim siðdegis.

Þriðjud. *Jafndægri á vor. Einmánuður byrjar.*

21 Breytilegt átt, él – ÷ 0° – ÷ 1°

Miðvikud. Hæg norðlæg átt, léttskýjað – jel

22 að kvöldinu ÷ 3°
– Hér kom sjónvarp í kvöld

Marz 1967

Fimmtud. *Skírdagur.* Hæg breytilegt átt, él ÷ 8° –

23 ÷ 5°. – Við Unnur, Nanni og Jóna fórum til Rv. Hlustuðum í Jóhannes Passiuna í nyjfarslu Pólifónkorsins – í Langarsdalshöllinni. Kórinn er sérlega raddfagur, og kór og hljómsveit naut sín vel, en mér fanst þetta stóra hús glegga einsöngvarana – Sig. Björnsson, Kr. Hallss. o. fl. Fórðin má heita góð, eins og er, en ekki má hreyfa vind. Þá lokast allt.

Föstud. *Föstudagurinn langi.* NA stinningskaldi

24 hvassara að kvöldinu, skýjað ÷ 10° – ÷ 5°.
Við fórum til kirkju – fátt.
– Kl. 1³⁰ hringdi Stefán Björnsson og lét mig vita að Sverrir Eiskson í Hvammi lést í nótt, en hann var einn af stjórnarmönnum Samsölunnar.

Laugard. *23. v. vetrar.* Hvass NA, alskýjað

25 (sér aðeins fyrir sól) skafrenning (sér aðeins fyrir Hæringsstöðum) ÷ 10° – þetta er skrifað kl. 12 – um sólarhotti að skafa, en frostið fór í ÷ 11°.
– Hákon kom heim kl. 6. – með ríku að selfossi, sóttur þangað. Stirðfort.

Marz 1967

Sunnud. **26** *Páskadagur. Fullt tungl.* Hvast NA. Skýjað og hálfskýjað ÷ 7°, skafrenningur.

Mánud. **27** *Annar í Páskum.* NA stinningskaldi, léttskýjað ÷ 7°

Þriðjud. **28** NA kaldi, bjart, ÷ 11° – ÷ 5°
Ég skrapp að Selfossi.

Miðvikud. **29** Stinningskaldi NA. ÷ 8°. bjart. –
Við Nonni fórum til Rv. að sokja föðusboti.

April 1967

Fimmtud. **30** NA kaldi, bjart ÷ 8°
Þeir komu hér Sigurundur og Steinþór – sitjum hér að fm.

Föstud. **31** Hogur NA. bjart ÷ 11° – ÷ 0°
Vinnum að fm. – dróg í loft síddegis
Að kvöldinu fór ég til Rv. – gisti í kópavogi – hjá Ellu.

Laugard. **1** Hvast SA. slidda ÷ 1° (Rv.) – Við Hákon fórum kl. 9 frá Bondahöllinni með [illegible] Jónassyni ásamt framámönnum í Búnaðarfél. Ísl. Frambiðsluráði, Stíttarsamb. bonda og Mjólkursamsölu að jarðarfór Sverris í Hvammi. Jarðað var þar heima. Fjölmenni. Veður var hið ákjósan legaste, logn, skýjað smá skúrir síddegis. – Ég fór heim að kvöldinu. Kom heim kl. rúmt 12

APRIL 24. o. cetrar

April 1967

Sunnud. **2** ~~NV~~ NV stinningskaldi, léttskýjað og skýjað ÷ 1°

Mánud. **3** Hogur NA, smá él síddegis ÷ 3° – + 2°. Vinnum að fm. hér. Í kvöld forum við Vinnur, Haddi, Didda og Björn í leikhús á Selfossi – Piltur og stúlka.

Þriðjud. **4** Hogur NA bjart ÷ 5°, sólbráð um miðjandagum. Ég fór til Rv.

Miðvikud. **5** Hogur NA, þyknaði upp síddegis ÷ 5° – + 2°. Vinnum að fm. hér

April 1967

Fimmtud. **6** Nýtt tungl. Suðlog átt, skúrir og þoka + – Ég fór til Rv. Sat stjórnarfund Samsölunnar

Föstud. **7** Hogviðri, þoka + 8° – Vinnum að fm. hér.

Laugard. **8** 25. v. vetrar. Suðlog átt, þoka + 8° Ég fór að Selfossi. Sat stjórnarfund ~~M.~~ B.F.

– Dáinn Páll Björgvinsson Efra-Hvoli

April 1967

Sunnud. Nýtt tungl. Hoz suðloz átt, smá skúrir, bjart á milli +8°.
9 Búnaðarfélagsfundur á Stokksuyri.

Mánud. Hvass S., síðar Sv. V., rigning fram til kl. 2. +7°.
10 Vinnum að fm. hér

Þriðjud. All hvast sv., hozari síðdegis, alskýjað +8°
11 - Vinnum að fm. - hér

Miðvikud. All hvast S. Sv. og rigning, hozar síðdegis +8°.
12 Vinnum að fm. hér

April 1967

Fimmtud. S. og sv. þungavindur, rigning. +9°.
13 - Vinnum að fm. hér

Föstud. All hvast V. SV., þurt a. m +5°
14 - Vinnum að fm., hér

Laugard. Sumarmál. 26. v. vetrar. A. NA - S-SV.
15 +1°, bjart fyrst og aðeins styrðnað, fór að snjóa um kl. 11 - rigning kl. 4. Við Unnur fórum til Rv. Vorum við kvöldin at höfn Páll á Efra-Hvoli, Fossvogi kl. 10.30. Eg sat aðalfund Osta- og Smjörsölunna. Að kvöldinu vorum við í boði þeirrar stofnunar - í Atthagasal Hótel Sögu. Gistum á Hópavogi

April 1967

Sunnud. **16** Vestlog átt, + 5°.
Fórum til Reflavíkur, vorum við fermindegis
- Halli, sonur Ellu Frímanns, og í vísla
lja þeim að kvöldinu.

Mánud. **17** NA kaldi, bjart. ÷ 10°.
Fórum heim síðdegis.

Þriðjud. **18** A. NA. kaldi, skýjað fyrst, snjó-
koma öðru hvoru. ÷ 5°. - slaknaði
um miðjan daginn.
- Jeg fór að Selfossi. Sat stjórnarfund
Samvinnusmiðja s.f.

Miðvikud. **19** A. NA. kaldi, alskýjað, él að
kvöldinu ÷ 1° - ÷ 3°.
- Fórum öll á sumarfagnað Fram-
sóknarmanna í Selfossbíói - varla
nógu margt fólk.
- Þessi vetur var fremur erfiður - gjaffellt,
stormar og umhleypingur.

April 1967

Fimmtud. **20** *Sumardagurinn fyrsti. Harpa byrjar. 1. v. sumars.*
NA kaldi, snjómugga fyrst, ÷ 5°.
Alhvít jörð. - Birti til um hádegi

Föstud. **21** Hogur NA, bjart - í morgun var ÷ 9°.
Staknar þar sem sólar nýtur.

Laugard. **22** NA kaldi og bjart fyrst ÷ 5°, gekk
til SA, þyknaði í lofti + 2°, él að
kvöldinu (fjúk)

April 1967

Sunnud. **23** Hvess A.-S. sa. fjúk fyrst, síðar rigningarslettur, mor í lofti. ÷ 0° – + 9°

Mánud. **24** Fullt tungl. S. kaldi, skúrir framyfir hádegi, gekk til SV. með poku-súld + 7°.
– Við lunnurfórum til Rv.

Þriðjud. **25** Ádalfundur Samsölumar

Miðvikud. **26** Útsynningur, skúrir og él. + 3° – + 6°.
Fórum hinn í dag

April 1967

Fimmtud. **27** 2. v. sumars. Suðlæg átt með mikilli rigningu fyrst, síðar hvast SV. V., + 10° um miðjan dagjun

Föstud. **28** Ádalfundur M.B.F., Hvolis. Ég var endur kosin í stjórn. Hadda til vara SV. kaldi, fyrst loft + 5° –

Laugard. **29** Vestan stinningskaldi, él + 5° – + 2° (kólnandi veður)

Maí 1967

Sunnud. *Almennur bænadagur.* NA stinnings kaldi bjart ÷ 4° – ÷ 2°. – Sinubrennur.
30 Við tennus förum í kirkju.
Sigga og tennur Herðarf. förum til Rio Piano-pvóf

Mánud. *MAÍ. Hátíðisdagur verkamanna.*
1 NA, bjart ÷ 4° – + 1°
Sinubrennur. – fjúk síðdegis

Þriðjud. NA. A. kaldi eða gola, léttskýjað ÷ 2°
2

Miðvikud. Hog breytilegt átt, léttskýjað.
3 Noturfrost.
Við Haddi förum á fund Selfossi-um atvinnumál héraðsins.

Maí 1967

Fimmtud. *3. v. sumars. Uppstigningardagur.*
4 Hog breytilegt átt, skýjað.
Allvít jörð í morgun.
Ár sprautaðar 7 lamba blöðsött.

Föstud. NA kaldi, bjart a.m.
5 Noturfrost.
Bímaðarsambands fundur –
– Nonni kom heim með nýjan vörubíl í kvöld. – Bens – 8 tonna palltaus enpá.

Laugard. Austan kaldi, skýjað + 6°
6 Förum að jarðarför Bjarna fúniusconar á Seli.

Mai 1967

Sunnud. **7** Hoz breytilez átt, skýjað +6° – 10°.
– Nönni es 45 ára í dag. Hákon og Ika komu, svo og tengdaforeldrar hans á Eb. og Inga.

Mánud. **8** Hoz breytilez átt, skýjað + 10°
– Lunnum að fm. hér

Þriðjud. **9** *Nýtt tungl.* Hoz breytilez átt
léttskýjað + 10°
~~Hr~~

Miðvikud. **10** Hoz breytilez átt, bjart.
+12°.
– Lunnum við fm. að Selfossi.
Skrifstofustjóri fm. nefnder var að röða við okkur um löðaverð.

Mai 1967

Fimmtud. **11** *4. v. sumars. Vetrarvertíðarlok.*
Breytilez átt, bjart. +11°.
mun hafa frosið í nótt.

Föstud. **12** *Vorvertíð á Suðurlandi.*
Breytilez átt, skýjað +13°

Laugard. **13** *Ásgeir Ásgeirsson, forseti, f. 1894.*
Suðausten kaldi, rigning í nótt og framyfir hádegi
+10°
Fyrstu ornar bíru í dag – tvor að Eölu.
Hákon kom í kvöld.

Maí 1967

Sunnud. *Hvítasunnudagur. Vinnuhjúaskildagi.* Breytileg átt, léttskýjað. + 13° - blíða.

14

Mánud. *Annar í hvítasunnu.* Suðaustan, rigning - gekk til NA að kvöldinu og kólnaði, + 10° - + 5°.

15

Fórum í kirkju. Ferming.
Vorum öll í fermingarveislu í Heiðarbrún - Bjarki var fermdur.

Þriðjud. Breytileg átt, skúrir + 11°.
Unnum að fm.

16

Miðvikud. NA stinningskaldi, bjart.
Í nótt var ÷ 2°, mun hafa komist í + 7° um miðjan dag. Kl. 11 í kvöld er ÷ 0°.

17

Við Unnur tókum þátt í altarisgönge í kvöld kl. 9 - Stokkseyrarkirkja.
Fermingarbörn og fjölskyldur þeirra

Maí 1967

Fimmtud. *5. v. sumars.* NA-SA, léttskýjað að mestu. Í nótt var ÷ 2°
- Unnum að fm. Selfossi

18

Föstud. All hvast NA. létt skýjað.
Í nótt var frost, ÷ 2° - líti mun hafa komist í + 7° þegar mest var. - Nú stendur sauðbarður sem hast, jörð gror ekki vegna kaldans og er útlit ekki gott. Viða talin lítil hey.

19

Hákon kom í kvöld - gistir.

Laugard. *Skerpla byrjar.* Breytileg átt, lett-skýjað. ÷ 4° - + 10°.

20

Maí 1967

Sunnud. **21** Breytilez átt, léttskýjað ÷0° + +10°.
÷ Við hmeer fórum til kirkju að
kaalverjaldt, varum í fermingarveisla
á Fljótshólum - Maríon jónsdóttir

Mánud. **22** Breytilez átt, léttskýjað
+ 13°

Þriðjud. **23** Fullt tungl. Hvass austan, skýjað,
mikið moldrok. + 12°.
Kéð rófnafrei.

Miðvikud. **24** Austan og norðaustan rok,
léttskýjað + 8° - mikið mold-
rok.
Nú rugnir á hagjafordann.
Jórðinni fer lítið fram,
Jó eru or hottar að éta hey a. m.

Maí 1967

Fimmtud. **25** 6. v. sumars. Allhvast A. NA. skýjað
og léttskýjað + 1° - + 10°.

Föstud. **26** Allhvast Austan, skýjað
- að ein vert rigningar + 1° - + 10°
Á 11. tímanum í kvöld eignaðist
kysta dóttir

Laugard. **27** Austan stinningskeldi, skúr
síðdegis + 13°.
- Ez fór að Selfossi. Var Jaar
við jarðarfór Sveins Jónssonar - hann
ólst að uskleru upp í Fjalli, 2 árum
eldri en ég.

Maí 1967

Sunnud. *Hátíðisdagur sjómanna.* Hozur Suðaustan, skúrir í kring. Hiti mun hafa komist í +15°.

28

Mánud. Hoz bruytilez átt, skýjað og létt skýjað-vorveður. Rigndi í nótt.

29

Unnum að fm. Selfossi

Kartöflur settar í jörð - að Fljótshólum

Þriðjud. Suðlog átt, bjart, +13° - blíða. Við lennur fórum til Rv., gistum hjá Hákoni. Heimsóttum Systu og sáum litlu stúlkuna hennar - sjá 26. - dökkhorð, fríð, proskalez. Þeim líður vel, mæðgunum.

30

Miðvikud. Góðviðri

Sat deildafulltrúafund Sláturfél. Suðurlands að Hótel Sögu.

Að kröldinu var hóf að Hótel Borg - karlar og konur.

Sláturfélagið varð 60 ára í jan. s.l.

31

Júní 1967

Fimmtud. *1. fardagur. 7. v. sumars.* Hvast Suðaustan, rigning síðdegis.

1

Sat stjórnarfund í Samsölunni. Síðdegis sat ég aðalfund Sláturfélagsins.

Föstud. Suðlog átt, skúrir +10° - 11°

Fórum heim síðdegis.

2

Laugard. Suðlog átt, rigning frmaan af +11°.

Ég fór að jarðarför Jóns Þóris Ingimundarsonar, Soborg.

3

Júní 1967

Sunnud. **4** Stinningskaldi V-S.sa., rigning síðdegis, +10°.

Mánud. **5** Hog suðlog átt, lítilsháttar rigning +10°

Þriðjud. **6** Stinningskald NA, léttskýjað og bjart. – Egjólfur Egjelles kom hér með gesti sína, 10 að tölu – m.a. Ingimund, Freystein og Ólaf á Bangstöðum. Egjólfur er 81 árs í dag. Eg fór með þeim á Hróarsholtskleka. Þar var borðað nesti og drukkið vín. Í bakaleið komu þeir inn og drukku kaffi. – Ar settar af túni.

Miðvikud. **7** Vestan gola, bjart fyrst en þykknaði í lofti er á dag inn leið. +10° (í nótt komst hitinn niður í 2°
– Haddi er tasinn.

Júní 1967

Fimmtud. **8.** 8. v. sumars. Nýtt tungl. SA-V kaldi, rigning fyrst, en skýjað síðdegis. Kalsaveður.
– Eg fór til Rv. með þórarni í Langardalum í erindum fyrir „Samvinnusmiðjur S.f." – bankamál

Föstud. **9** V-S. sa. gola, skýjað +10°.
– Ar settar út fyrir tún. Rúmar 20 eru óbornar og eru þar á túninu enþá.

Laugard. **10** Hvast S.sa. þokuloft, rigning öruhvoru. +10°.
– Nonni kom heim með eldhús-innréttingu í nýja húsið.

Júní 1967

Sunnud. **11** Sunnanátt og rigning framyfir hádegi, gekk þá til sv. v. og gerði besta veður + 10°
Kosið til alþingis.

Mánud. **12** Hog breytilegt átt, bjart-blíða.
Gestir: Imba Ingimunder Keflavík kom með Gísla Daníelsson (86 ára) og dotur hans 2 og var ömmur Kristin Hills og dóttir hennar, en þau Gísli og Stína voru hjér í kaupavinnu 1935. Stína er gift og búsett í U.S.A.
– Kýr látnar út. Sáð til gronföðurs.

Þriðjud. **13** Handsynningur, þokuloft, þurt a. m. + 10°

Miðvikud. **14** All kvast sa, þokuloft, rigning um tíma. Hiti mun hafa komist í + 12°.

Júní 1967

Fimmtud. **15** 9. v. sumars. Óveðursdagur-þunga landsynningur, þoka og rigning + 10°
Gestir: 4 Vestur-Íslendingar-Stefán ~~Jóhannsson~~ Jónsson og frú, systir hennar og þriðja konan, sem ég ekki kann deili á. Þessi 3 hafa komið hér áður.

Föstud. **16** Vestan átt, þokuloft. Birti til síðdegis. + 10°
– Við Tennur og Imba fórum að Odd. Þar var jarðsettur Ágúst bóndi að Bjólu. Kona hans, Ingveldur Jónsdóttir frá Stokkseyri en faðir hennar var bróðir mömmu minnar – og hún var hos í Holti í mörg ár.

Laugard. Ísland lýðveldi 1944. Jón Sigurðsson f. 1811.
17 Hvast S. og sv. smá skúrir, en bjart á milli. Þyngdi að með rigningu að kvöldinu
– Við Tennur erum ein heima. Imba og Svanna koma í heimsóku.
– + 10° – + 12°.

Júní 1967

Sunnud. **18** Hozur S-s.sv., rigning.

Mánud. **19** Sólmánuður byrjar. Vestan gerra, lett skýjað – krapaskúrir til fjalla + 10°.
Síðasta fið rekið úr túninu.
Spettan er lítil. Vantar hlýjindi.

Þriðjud. **20** Hozur vestan og nv., ljettskýjað og skýjað. Rigndi vystra að kvöldinu.
– Við lennur skruppum að Selfossi. Lennur fór til lokoris. Of hár blóðþrýstingur.

Miðvikud. **21** Hozviðri, rigning fram eftir degi.
– Ég fór að Selfossi. Sat stjórnarfund Ds. B.F. og Samvinnusmiðjur. Ella gengur að koma fótum undir það fyrirtoki.

Júní 1967

Fimmtud. **22** 10. v. sumars. Sólstöður. Lengst. sólargang. Fullt tungl.
Hoz breytilez átt, skúrir – rigndi mikið í nótt.
– Við lennur og Imba fórum til Rv. Vorum viðstödd útför séra Ingvars frænda míns Sigurðssonar frá Kolsholti – var prestur að Desjamýri. Jarðarförin fór fram frá Dómkirkjunni.

Föstud. **23** Vorvertíðarlok. Hoz breytilez átt, skúrir + 10°.
Gerpur látinn út í dag.

Laugard. **24** Jónsmessa. Hátíðisdagur bænda. Vestanátt, krapaskúrir til hádegis. + 10°
– Kúasejning var hér og á Skipum
– Hálson kom heim og með hænum 2 nyrir Skúla – Sigurgrímur og Skúli.

Júní 1967

Sunnud. **25**

Hozviðri s-v., alskýjað, fjaurt a. m.
- Lunnus fór með Hákoni til Rv. en ottumin er að viðförum í skemtiferð um Suðfellsnes

Mánud. **26**

Suðlog átt, skýjað, hyngir að síðdegis. Hiti komst í +15°.
- Förum 3 - Haddi, Venni og ég á ankafund í fulltrúaráði K. D. Verið var að kjósa fulltrúa á aðalfund SÍS. Reikningar eru ekki tilbúnir og verðus aðalfundur síðar.

Þriðjud. **27**

Miðvikud. **28**

Við lunnus vorum í feðalagi um Snofellsnes og Breiðafjörð suðið - að Bjarkarlundi.
Gistum að Báðum og Bjarkarl.
- Stjórn Lunnsölunnar og RM. B. F.

Júlí 1967

Fimmtud. **29**

11. v. sumars.

Föstud. **30**

Suðlog átt, lítilsháttar súld síðdegis.

Sáð grasfroi - upp við Vöðlalok vestan Runkavörðu.

Laugard. **1**

JÚLÍ Hoz norðlog átt, skýjað og léttskýjað. Gerði hellisteur að kvöldinu.

Hokið að sá grasfroi. Taglið o. fl.

Júlí 1967

Sunnud. **2** Hoz breytilog átt, léttskýjað. Hiti mun hafa komist í +16°-17°.
Ég gekk um túnið. Slogja verður ekki fyrr en eftir viku eða mura.

Mánud. **3** Hoz norðlog átt, bjart.
- Ég sat aðalfund Meitiltins í Þorlákshöfn. Það er vafasamt fyrirtoki - fjárvana, illa rekið.

Þriðjud. **4** Aðalfundur Lumberdans kl. 10.
Hozviðri. Skýjað + 12°-13°.
Ég fór til Rv. Sat aðalfund Lumberdans h.f.
Ákveðið að selja Samsölunni fyrirtokið - það sem hún átti ekki áður.
- Nú er sprettu tíð. Rigudi að kvölli.

Miðvikud. **5** Hozviðri. Rigning.

Júlí 1967

Fimmtud. **6** 12. v. sumars. Hoz suðlog átt, þokuloft og smá skúrir.
Ég var við yfir-úttekt í Kolsholti I (austurbær), oddamaður. Það fór vel fram.

Föstud. **7** Nýtt tungl. Hozviðri, alskýjað. Súld að kvöldinu - hlýtt um miðjen daginn.

Laugard. **8** Vestanátt, óveðursdagur. + 10°
- Systa kom heim í kvöld með litlu dóttir sína. Með henni komu Ásdís Sveinsdóttir og Unnur Þóra.

Júlí 1967

Sunnud. **9** Vestanátt, skúrir í kring. +11°
– Hákon og Ása hemu í dag. Með þeim var Amerisk stúlka, systur dóttir Valdemars Björnssonar, en hjá foreldrum hennar var Ása vestra.

Mánud. **10** Norðaustanátt, léttskýjað og bjart +10°
Slegið það fyrsta.

Þriðjud. **11** Hog norðaustanátt, bjart. +18°.
Mikið slegið.
Í dag var glerið sett í gluggana hjá Nonna – tröfellt gler.

Miðvikud. **12** Hog breytilegátt, bjart. +17
– Heyið rakað í garða.

Júlí 1967

Fimmtud. *13. v. sumars. Hundadagar byrja.*
13 Hog breytilegátt, bjart. Hlýtt.
Hirtum fyrsta heyið.
Slegið.

Föstud. **14** Hogviðri, bjart.
Hirtum mikið í dag.

Laugard. **15** Hog suðlogátt, skýjað.
Hirtum mikið hey.

Júlí 1967

Sunnud. **16** Breytilog átt, lítt skýjað.
Við lennus förum að Hólum. Helga er sjötug í dag.
Stráka kveikta í þvi sem eftir var af húsinu. Brú

Mánud. **17** Stimingskaldi norðaustan, bjart. Moldrok.
Slegið.

Þriðjud. **18** NA kaldi og stimingskaldi, bjart - moldrok.
Slegið og þurkað.
Smalað til rúnings.
- Meira af góðum lömbum en í fyrra.

Miðvikud. *Aukanætur.* **19** Breytilog átt, bjart.
Slegið og hirt.

Júlí 1967

Fimmtud. *14. v. sumars.* **20** Hog norðlog átt, bjart.
Hirtum - Fjóshlaðan er full, fyrri umferð. Síðar þarf að bota í hann.

Föstud. *Fullt tungl.* **21** Vestan átt, all hvast síðdegis. Bjart - þokubakki til hafsins.
Hirtum í fjárhúshlöðuna að þessu sinni.

Laugard. **22** Sunnangola, skýjað - greiddi til um hádegið - skúrir vesturundan.
- Hirt og slegið.

Júlí 1967

Sunnud. *Sumarauki.* Hozviðri, skýjað. Skúrir í kring.

23

Nonni og Jóna fluttu í nýja húsið.

Mánud.

24 Hoz breytilez átt, skýjað og léttskýjað. Skúrir í kring. Þurkað og slegið.

– Haddi og fjólsylda fóru til Rv. Lunnus fór með þeim. Komu heim um kl. 10.

Þriðjud. Hoz suðlez átt, alskýjað. Ádins vart úrkomu. –

25 Það eru vonbrygði að ekki varð þurkur í dag, eftir útliti á gor. Við eigum mikið haust hey – sumt á gördum sem vantaði aðeins einn snúning.

Miðvikud. Austan og norðaustan kaldi, rigning til hádegis-síðar skúris

26 – rigndi mikið á nótt.

Júlí 1967

Fimmtud. *15. v. sumars.* Hvass norðan, skýjað. +8° – +5°

27 Slegið og þurkað.

– Í morgun, kl. 5-30 vöknuðu allir við all snarpan jarðskjálfta kipp. Telum mesti jarðskjálfti síðan 1912.

Föstud. Stinnings kaldi og all hvast norðaustan, bjart.

28 – Slegið, þurkað, hirt.

Laugard. Hozus n.a. bjart, hlýtt. +16°

29 – Við Lunnus og drengirnir fórum að jarðarför Ingibjargar á Gerði, Jónsdóttur, ekkju eftir Böðvar Tómasson – ég var líkmaður. „Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert bresta". (prestur talaði út frá þessum orðum).

– Jarðskjálfti varð vart á nótt kl. 2-40

Júlí 1967

Sunnud. Miðsumar. Heyannir byrja. N.A. kaldi, bjart.

30 - Fórum öll, nema Didda, til Rv., í fertugsafmæli Ásu.

Vegurinn er leiður.

Mánud. Hagur NA, bjart. + 15° - 17°.

31 - Við Unnur, Nonni og Venni fórum í áttrðisafmæli Páls á Bergstöðum.

Ánæjuleg stund.

- Haddi og Didda fóru til Rv.

—

Hirðingardagur.

Þriðjud. ÁGÚST. A. NA., bjart - Stimingskalli og all hvast. Mor í lofti.

1 - Hirtar dreifar. Undirbúin Votheyshirðing.

- Við Unnur og Haddi fórum í sextugsafmæli Ágústs á Brúnastöðum

Miðvikud. Breytileg átt, bjart.

2 - Byrjað að hirða í vothey.

- Við Unnur setjumst að í eldhúsinu sem Nonni lufði - byrjum sjálfstæt heimilishald ódrusinni. Höfum verið í samegjuleg borðhaldi með Didda og Hadda.

Ágúst 1967

Fimmtud. 16. v. sumars. Hag breytileg átt, bjart.

3 + 14°

Vothey.

Sigga Jóndar og Sigrún komu. Stönsuðu lítið.

Föstud. Hagur S.sv., léttskýjað + 13°

4 - Vothey.

- Sagsblásarinn biladi um kl. 5 - höfuð lagar.

Laugard. Hagur A - S.sv., skýjað og léttskýjar - pokuloft að kröldi

5 - Blásarinn komst í lag.

- Sigmundur bróðir minn kom í kvöld.

Ágúst 1967

Sunnud. *Nýtt tungl.* A-S kaldi, þokuloft
6 súld fram að hádegi.
Gestir: Heó, Lennur og Sigríður
frá Loftsst.

Mánud. *Hátíðisdagur verzlunarmanna.* Hagvíðri-A-
7 S.sv., þokuloft, litilsháttar
súld.
Vothey.

Lennus og Systa fóru til Rv.
Ástríðus systir Lennar er
sjöhag í dag.

Þriðjud. Hag breytileg átt, skýjað og léttskýjað,
8 skúrir með austurfjöllum.
- Traktorssveif fór í saxsblásarann. Hans
verðus ekki notaðus meira þetta sumarið.
Ofla að reyna að blása upp með „Eng"
- Gestir: Sig. Þórðarson og Sigrún.

Miðvikud. Hag breytileg átt, skýjað og
9 léttskýjað.
Hirt í vothey.
Drengirnir fengu línaðan sláttutotara.
Þetti er sóða vinna. Slor illa.

Ágúst 1967

Fimmtud. *17. v. sumars.* S. gola, skýjað og
10 léttskýjað - þurkur eftir
hádegi.
Turninn fylltist kl. 6.
Hirt þurhey að kvöldinu.

Föstud. S. gola, skýjað og bjart.
11 Hirðingardagur.
- Síðdegis var ég í boði Búnaðar-
bankans vegna opnunar útibús í
Hveragerði. Ca 100 manns voru
þarna. Kaffi og vín. Furðu
margir urðu slampfullir.

Laugard. Stinningskaldi S.sa, skýjað, en
12 þurt a.m.
- Ég fór í fm. - Þingvallasveit.
Ása kom í kvöld með klárana.

Ágúst 1967

Sunnud. **13** S.sa kaldi, rigning að kvöldinu

Mánud. **14** Sa. A kaldi, þurt neður Vatheysgerð.
Ég fór í fm. Skálholt, Grímsnes

Þriðjud. **15** Hogviðri, skýjað og léttskýjað
– Við Haddi fórum á kjörmanna fund að Selfossi. Ég var kosinn á aðalfund.
Þeir feldu fyrir mérkjarnann úr tillögunum um breytingar á sampykkum Stéttarsambandsins.

Miðvikud. **16** NA kaldi, bjart
Glegin kúastykkin og hí.
Ég var í fm. S. hangh.

Ágúst 1967

Fimmtud. *18. v. sumars.* **17** NA, bjart a. m.
Glegið í Breiðumyrarholti.
Ég vann við fm. S.-hangh.
Keyrði fram og til baka.

Föstud. *Reykjavík verður kaupstaður 1786.* **18** Stinningskaldi S.sv. skúrir síðdegis. Vantaði þurk í dag.
– Ég fór í fm. að S.-hang.

Laugard. **19** Vestan gola, skýjað og léttskýjað – skúr fyrir hádegi.
Þerrsinó síðdegis.
Snúum og rakað í múga

Ágúst 1967

Sunnud. *Fullt tungl.* Hosur SSV. poka og rigning.

20

Hákon kom í kvöld

Mánud. All hvast S., rigning - óvéðursdagur -

21

Ég fór í fm., S-hang.

Þriðjud. SV. kaldi, krapa hrydjur.

22

Ég fór að S. hangh. - fm.

Miðvikud. *Hundadagar enda.* S. SV. kaldi, smá skúrir - smalað til reiningssíðarihluti. Hömbin eru betri en í fyrra. Sysla fór í kvöld.

23

- Krimur og fjölskylda komu í kvöld -

Ég fór að S. hangh., fm.

Ágúst 1967

Fimmtud. *19. v. sumars.* S. SV., skúrir framanaf degi.

24

Ég fór að S.-hangh. - fm.

Föstud. SA., rigning.

25

Ég fór að S.-hangh. - fm.

Laugard. Hvast af suðri, rigning öðu-hvoru.

26

- Vennie og fjölsk. (ekki jóhanne) fóru í skemmtiferð norður? á land - £ 250.

- Ég er slomur af kvefi.

Ágúst 1967

Sunnud. Hozur S. Sv. skúrir.

27 Eskir: Brodurnis sv. Sigurður Pálsson Selfossi og Kristján Kristjánsson (sem modra) Messegerðinni.

Mánud.

28 Hozur SSv., þurt a.m.

Þriðjud. *Höfuðdagur. Tvímánuður byrjar.*

29 Hozur V.sv., skýjað, en þurt a.m.

Miðvikud. Nv. Stinningskald, skýjað og léttskýjað – þerrimó

30 – klozið út mágum frá því fyrra laugardag.

– Skúli kom um hádegisbilið þau voru að fara með börnin í skemtiferð – Fljótshlíð, Eyjafjöll.

September 1967

Fimmtud. *20. v. sumars.* V. gola, skýjað.

31 Lokað á kúastykkjunum – illa þurt.

Föstud. SEPTEMBER. Hozviðri og skýjaðkaldaði af NV síðdegis og gerði hálfskýjað. þerrimó síðdegis.

1 – Við lennum fórum til Rv. – Ég er að fem á aðalfund Stéttarsambands bonda

Laugard. Rv.h. – Hozviðri, hálfskýjað – skúr síðdegis.

2 – Ég sit á aðalfundi Stéttarsamb bonda.

September 1967

Sunnud. **3** Hozviðri, hálfskýjað.
Fundi fremhuldið.

Mánud. *Nýtt tungl.* **4** Norðan kuldi, bjart.
Förum heim í kvöld.
– Sólveig Pálsdóttir dó í fyrinótt.

Þriðjud. **5** Norðan kaldi, léttskýjað.
Hirt egg það síðasta af úthagjunum.
Er þá ádeins eftir af flytja inn nokkra galta frá 31. fm.

Miðvikud. **6** Norðan kuldi, bjart – frem í nótt.
– Förum á nautgripasýningu í Hauzardalum.

September 1967

Fimmtud. *Réttir byrja 21. v. sumars.* **7** Hozviðri, þokuloft, en þurt a. m.
Ez fór til Rv. – sat stjórnarfund í Samsölunni.
– Síðasta hugið hirt inn.
Somiloza hugjað.

Föstud. **8** V. Gola, þokuloft.

Laugard. **9** Hozviðri, skýjað og léttskýjað
– Hreitasýning

September 1967

Sunnud. 10 'Óvéðursdagur

Mánud. 11 S. Sv. þoka og rigning smalað.
Ég sat stjórnarfund M.B.F.

Þriðjud. 12 S. og Sv. rigning.
Fé látið í sláturhús – rumt 100
Hömb eru betri en í fyrra.
Ég fór í funa – selfoss og Hveragj.

Miðvikud. 13 SV, skúrir
Fórum 5 – Lunnus, Vuni, Lyða og Haddi – til Rv. Vorum við útför Solvinger Pálsdóttur Kárastíg 12. Hún var ottuð frá Brattsholtis – ekkja eftir Pétur Jakobsson – Lunnus þóra er á sjúkrahúsi. Datt af hjóli á Mársutagum. Heilabrist.

September 1967

Fimmtud. 14 22. v. sumars. Hagviðri, rigning.
Verið er að setja niður mjólkur „tank" – 1570 l.

Föstud. 15 Stinningskaldi og all hvast Sv., skúrir – snjóaði á vestur fjallgarðinn í nótt og morgun.

Laugard. 16 Hagviðri, rigning – í nótt var rok og úrhellisrigning. Allt er á floti. Snjóaði á fjöll síðdegis.

September 1967

Sunnud. 17 Hozviðri, smáskúrir framanef, annars léttskýjað. – Tekið upp.
– Stjórn M.B.F. fór austur í Vík. Unnroður um flutninga úr Skaftafellssýslu. Ekki útrott.

Mánud. 18 *Fullt tungl.* B.-N.A., léttskýjað frameftirdegi, en þyngdi að síðdegis.
– Teknar upp kartöflur. Sæmilegt.

Þriðjud. 19 Hoz breytilez átt, skýjað – smá skúr um miðjan dezinn.
– Teknar upp kartöflur.

Miðvikud. 20 Hozviðri. Þokuloft – sá til sólar öðru hvorn. Hiti 13°-15° um hádegið.
Kartöflur.

September 1967

Fimmtud. 21 *23. v. sumars.* Hozviðri, þokuloft. Sá til sólar um tíma.
Kartöflur.

Skúli og 2 drengjanna koma í kvöld.

Föstud. 22 Vestan gola, þokuloft.
Lokið við að taka upp kartöflur.

Laugard. 23 *Jafndægri á haust.* SV, hvast síðdegis þokuloft – þurt a.m.
Ég fór að jarðarför Guðnýar Benediktsdóttur frá V-Tragerði.
Hún var ekkja eftir jón föðurbróður mínn, sem var bóndi þar.
– Systa, Skúli, Hákon og börn vorn á ferð hér.

September 1967

Sunnud. 24
S.A., rigning til hádegis - rigndi mikið í nótt. Birti með N.A. síðdegis - Í nótt var Didda flutt á sjúkrahús eð á Selfossi. Röðing í vondum.

Mánud. 25
N.A. stinningskaldi, bjart. - Byrjað að múrhúða utan hjá Nonna - Kristján Hreinsson. - Ég fór í fm. S.-Langh.

Þriðjud. 26
Hogus A. N.A., bjart. Fundolt haustveðus. - Í dag eignaðist Didda son. - Ég fór að S.-Langh. - fm.

Miðvikud. 27
Hogus A. N.A., bjart. - fagur dagus. - Ég fór að S.-Langh. - fm.

September 1967

Fimmtud. *Haustmánuður byrjar. 24. v. sumars.* 28
Hogviðri, alskýjað - blíða - Ég fór að S.-Langh. - fm.

Föstud. *Haustvertíð.* 29
Hogviðri, alskýjað - akúr að kvöldinu. - hömbin rekin inn til at hugunar. Þau virðast hafa batnað - sjá 12.

Laugard. 30
Hogus S.A. - sv. rigning - enkum framanaf. Kmaladagus (Dolarettersmölun)

Október 1967

Sunnud. 1 — Stinningskaldi NA, skýjað.

Mánud. 2 — *Nýtt tungl.* NA stinningskaldi, bjartviðri.
– Ég fór að S.-hangh.-fm.

Þriðjud. 3 — Hoz breytilez átt (nordlog), bjart. Frans lítilleza í nótt.
– Ég fór að Hveragerði-fm.

Miðvikud. 4 — Breytilez átt, skýjað. Þurt a. m.
– Við tunnar fórum til Rw. Siðdegis-gistum í höjuvegi.

Október 1967

Fimmtud. 5 — *25. v. sumars.* Skúrir.
Ég sat stjórnarfund samsölunnar.

Föstud. 6 — Austan stinningskaldi, skýjað.
Fórum heim síðdegis

Laugard. 7 — St. kaldi, rigning.
Ég fór að Selfossi. Sat stjórnarfund Dr. B.F.

Október 1967

Sunnud. **8** Sv kaldi, skúrir. – Við tennur förum til kirkju að Stokksegri

Mánud. **9** Sv kaldi, smá skúrir. Ég för að Selfossi og Skálmholti – erinda fyrir heimilið

Þriðjud. **10** Austmátt, skúrir

Miðvikud. **11** Hvast A. NA, alskýjað – Ég för í Sjötugrafmæli Asm. á Hátyri

Október 1967

Fimmtud. **12** 26. v. sumars. Hozur NA, lettskýjað. Ég för til Rv. – erindum samsölu

Föstud. **13** A. NA, bjart a. m. – Förum í áttrödisafmæli Ásna í Brödratangu – elskulegt þar, ins og jafnan ádur.

Laugard. **14** Hvast NA, bjart (mor í lofti) kaldara.

Október 1967

Sunnud. 15 NA stinnigskaldi, bjert. Í nótt var ÷6° og mun ekki hafa komist ~~[illegible]~~ uppúr ÷3° í dag. Röfur eru frosnar niður. Fé lítið í sláturhús.

Mánud. 16 Hagur NA, él fyrir hádegi (skúrvegusujór) ÷10° í nótt. Fé sett í sláturhús. Vetrungum smalað hum.

Þriðjud. 17 Í nótt var logn, bjert viðri og ÷15° skýjað í dag og komst frostið í ÷3° þegar best lét, Kl. 6³⁰ var aftur komið ÷7°

Miðvikud. *Fult tungl.* Guðrún Eiríksd. 18.10.1907

18 A. NA kaldi, ising og súld til hádegis ÷0°–+2°. Smalað. Ég var við úttekt í V. Stokkseyrarselu.

Október 1967

Fimmtud. 27. v. sumars. 19 Hagur A. NA, skýjað. ÷1°–+3°.

Föstud. 20 Hagur NA, skýjað. ÷1°. Ég var á Selfossi í dag – vitnuleiðslur í svonefndu Holtsmáli í Mýrdal, en þar var ég í yfirmati fyrir 2 árum og var mín fyrir rétti spurður um ýmisatriði viðvanti matið.

Laugard. 21 Hagur A-SA, skýjað. ÷3°–+4° ~~[illegible]~~-jel og síðar rigning að kvöldinu.

Október 1967

Sunnud. S. skúrir + 4°

22 Dain Sigurður Benediktsson forstjóri Osta- og senjörsölunnar.

Mánud. Ég fór í dag með kretari

23 Simonarsyni austur að Klausti í blíðskapaverði. Gistum þar. Vorum í erindum M.B.F. - mjólkurflutningar að austan.

Þriðjud. Fórum í dag austur að Randamyri.

24 Hjeldum fund að Klaustri með fulltrúum M.B.F. Fórum til Víkur og gistum þar.
Stafalogn og bjart allan daginn

Miðvikud. Héldum fund með fulltrúum

25 M.B.F. í Mýrdal. Fórum heim síðdegis.
Bjart a.m. - hvesti af norðri þýtt.

Október 1967

Fimmtud. Veturnætur. All hvast NA, bjart, moldrok - kaldara.

26 - Ég fór í fm. - Hveragerði

Föstud. Hvast NA, alskýjað. + 4°

27 Ég fór í fm. - S. Haugh.
Systa, Hlín og bunnar þóra komu í kvöld.

Laugard. Fyrsti vetrardagur. Gormáðnuður byrjar. 1. v. vetrar.

28 Hagviðri, skýjað. þurt hér, en búld upp í svítum

Október 1967

Sunnud. NA kaldi skyjuð og hálfskyjuð

29 + 1°

– Þú átt aðeins það, sem þú hefur gefið. Ovar kvaran í útvarpinu í kvöld.

Mánud. Hagur NA, bjart. ÷ 3°

30 – Við hunnus förum til Rv. Vorum við útför Sigurðar Benediktssonar fram kvæmdastjóra Osta og smjörsölunnar. – Jón Auðuns jarðsöng frá Dómkirkjunni. – Sigríður kona Ingum. bróðurmins er á sjúkrahúsi olvertega vuk-heilablæðing. – Gistum í Kópavogi

Þriðjud. NA, bjart.

31 Snúumst í Rv.

Miðvikud. NÓVEMBER. NA, bjart.

1 Förum til Keflavíkur. Sigríður er illa stödd.

Nóvember 1967

Fimmtud. Nýtt tungl. NA, bjart.

2 Ég sat stjórnarfund Samsölu – Sæmi Geldraloft í Þjóðlukhúsinu. Ég er ekki hrifum af þessu. Lyppforslan ekki samforandi. Sleppa ur endinum

Föstud. NA, bjart. ÷ 3°. Förum hinn

3 – Undanfarið hef ég vitt eftirtekt beri í hægri löfa minum, sem fer varandi og ferum að finna til í löfanum – sviði og stingir. Sýndi þetta sjúkrahússlokni á Selfossi í dag (Óli lokni) þetta er byrjun að fingurkreppu. Ollir að taka birið burtu.

Laugard. 2. v. vetrar. NA, bjart.

4 – ~~Við Haddi situm~~ Ég sat stjórnarfund M.B.F. Siðdegis var ég í snatti hér í kreppunum fyrir Slátur félagið.

Nóvember 1967

Sunnud. NA, bjart.

5 – Við Haddi sátum kjördomis fjing Framsoknarmanna á Suðurl. sem haldið var að Flúðum.

Mánud. NA haldi, bjart. ÷ 5°.

6 Suerist milli, húsa fyrir Slátur fél. og B.F.

– Í kvöld um kl. 6 legðist ég inn á sjúkrahúsið á Selfossi til aðgerðar í hendi – sjá föstudaginn 3. p.m. Ég hef ekki áður legst inn á sjúkrahús og mig má ekki sjúkling kalla. Dani úr Búrfelli er hér á stofu

Þriðjud. Skýjað.

7 Kl. 12 var ég legðus á skurðar borð til aðgerðar í hendi. Nast vissi ég af mér kl. 1³⁰, fjá í rúminu, með umbúðir á hogri hendi. Hef dálitla verki í hendinni en líðus annars vel.

Dáin Sigríður kona Ingimundar bróðir míns

Miðvikud. Sv. kraga el.

8 Ég fór heim á dag. Líður vel.

Hér kom Erlendur í Sít

Nóvember 1967

Fimmtud. Hogus vestan, él. Hiti um 0°.

9

Föstud. Breytilag átt, snjómugga. ÷ 0° – ÷ 2°.

10 – Vetrungas teknir í hús. Hafa haft ádgang að fjárhúsum og heytuggu fjar, auk lúfa af kálí.

Laugard. 3. v. vetrar. Hogus norðan, lett skýjað. ÷ 5° – ÷ 2°.

11

Nóvember 1967

Sunnud. **12** Norðanátt, skýjað ÷ 4°. Fénu smalað heim.

Mánud. **13** Stimsingskoldi A. NA, skýjað ÷ 4°.

Þriðjud. **14** Hvast norðan, bjart. Hiti um 0°. – Fórum öll, nema Didda og Jóna, að jarðarfór Sigríðar Þórðardóttur, konu Ingimundar bróður míns. Fjölmenni var, enda konan hugljúf og þau hjónin vina mörg og vinsæl og þekt hér um allt Suð-vesturland.

Miðvikud. **15** Hagur norðan, bjart. ÷ 8°

Nóvember 1967

Fimmtud. **16** S. rigning fyrst, síðar hvast sv., skúrir + 5°.

Föstud. **17** Fullt tungl. Hagvidri, rigning síð-degis. Sunnið tekið úr hendinni á vér í dag. Fm. Hveragerði.

Laugard. **18** 4. v. vetrar. S – sv. rigning. + 9°.

Nóvember 1967

Sunnud.

19

Mánud. Adalfundur K.D. sjá 24.

20

Þriðjud.

21

Miðvikud. Guðlog átt, rigning + 8°

22 Festeignamat – S. Lang

Nóvember 1967

Fimmtud. S – SV. rigning. + 8° –

23 Fm. S. Lang.

Föstud. SV. krapaél. + 2°.

=20

24 Sátum adalfund K.D. Glom eitkoma. að ekki sé meira sagt. Telja fyrra árs reikning rangann um 15.9 miljónir og halla á sl. ári rúmar 10 miljónir. Eda samtals halli 26.171 miljón „Hvad er nú ordid okkar starf"?

Laugard. 5. v. vetrar. S.SV. alskýjad + 8°.

=21

25 Í kvöl var sýnt í sjónvarpinu starfid á sonska sjúkrahús vid skurdadger ir og endurhjálfun vegna ~~[illegible]~~ galla í hrygg og bunbrota. Þetta var fundubyt ad sjá. Þetta ~~[illegible]~~ hjálparstarf blýtur ad vera unnid á vegum Guds.

Nóvember 1967

Sunnud. **26** SV. Skúrir + 5°

Mánud. Ýlir byrjar. **27** Hvast NA, snjókoma ÷ 5°
Ég fór að S.-hang. fm.

Þriðjud. **28** Hagur NA, bjart. ÷ 11°
- Vinnum að fm. S.-hangh.

Miðvikud. **29** Suðvestan, él. ÷
- Vinnum að fm. S.-hangh.

Nóvember 1967

Fimmtud. **30** Vestanátt, hvast síðdegis.
Eljadrög - rigndi í nótt ÷ 0°
Ég vinn að fm. S.-hangh.
Fór heim. Nokkur snjór er komin

Föstud. DESEMBER. Ísland sjálfstætt ríki 1918. Nýtt tungl.
1 Vestan - síðar Sa, A laeldi
Snjómaldringur. ÷ 0° - + 1°.
Rigndi í kvöld.
- Snýst í inn heimtu 7 B.Í.

Laugard. 6. v. vetrar. **2** Sunnan og Suðvestan.
Mikil rigning fremeftir degi.
+ 6° - Alt flóir í vatni

Desember 1967

Sunnud. Breytilog átt, snjókoma

3

Mánud. V-N Stúnningskaldi, él. ÷ 8°.

4 Ég fór til Rv. með mjólkurbíl frá Selfossi, Unnur með rútu frá Stokkseyri síddegis.
- Við bizmandeur vinnum í fm. á Skrifstofu yfirnefndar

Þriðjud. Nordlog átt, léttskýjad ÷ 10°.

5 - Vinnum ad fm. í Rv.

Miðvikud. Nordlog átt, bjart ÷ 11°

6 Unnum ad fm. í Rv.

Desember 1967

Fimmtud. N A kaldi, léttskýjad ÷ 11°

7 Ég sat stjórnarfund Samsölu

Föstud. Nordanátt, léttskýjad ÷ 14°

8 Við Unnur fórum heim ad kvöldinu med Einari Helgasyni - hlaupfóri.

Laugard. 7. v. vetrar. Nordausten, skýjad ÷ 8° - 5°.

9 Ég sat stjórnarfund M.B.F. og Samvinnusmidja - þad er ad verda leidinda mál

Desember 1967

Sunnud. **10** Suðlog átt, þoka og rigning
+ 8° – + 5°

Mánud. **11** Suðlog átt, þoka og rigning.
+ 5°

Þriðjud. **12** Hogviðri, skyjað. Þurt.
Við Nonni fórum til Rv.
ymisa erinda.
Gistum í kópavogi

Miðvikud. **13** S– Sv. rigning.
Fórum heim í kvöld

Desember 1967

Fimmtud. **14** Hogvis norðvestan, léttskýjað ÷ 2°
– Lunnur er lesin í dag. Var með
innvortisþrautir í nótt – stýfla
– Hvast í kvöld og fremeftir
nóttu.

Föstud. **15** Hog norðlog átt, bjart ÷ 6°
– fallegt veður.

Laugard. **16** 8. v. vetrar. Fult tungl.
Hogviðri, skýjað. ÷ 8° – ÷ 6°.
Broðurnir skúli og Hákon komu
síðdegis.

Desember 1967

Sunnud. 17 Hoz norðloz átt, bjart. ÷ 6°

Mánud. 18 Hozus NA, skýjað ÷ 6°

Þriðjud. 19 NA - A kaldi, skýjað Hiti kringum 0°

Miðvikud. 20 Suðloz átt, þoka og rigning +6°

Desember 1967

Fimmtud. 21 Suðaustan kaldi, mikil rigning í nótt, og aftur síðdegis. Þoka +6°

Við tunnus förum að Selfossi - verslunarferð.

Föstud. 22 *Sólstöður. Skemmstur sólargangur.* Austan og norðaustan kaldi, skýjað, létti til að kvöldinu +5° - fraus í kvöld.

- Verslunarrán í dag.

Laugard. 23 *Þorláksmessa. 9. v. vetrar.* Hozus NA, bjart. Stirðvandi - fagur dagur.

- Nonni og Venni fóru til Rv. - komu heim rétt fyrir kl. 3 á nýjum bíl, Skát x2307, sem heimilið kaupir.

Í kvöld komu Ása, tunnur Þóra, Sysk. Hlín og Hákon. Þau verða hér yfir jólin. Mikið er Guð góður, að veita okkur alla þessa hamingju. Honum sé lof og þökk!

Desember 1967

Sunnud. *Aðfangadagur jóla.* Hoz A. NA. sujo-
24 maldringus fremeftis dezi - hiti
um 0°.
hitti til ad kvöldinu - hoz nordlog átt ÷ 5°

Mánud. *Jóladagur.* Hozur nordausdan, skýjad
25 ÷ 5° fyrst + 2° kl. 11 ad kvöldi
- Förum öll til kirkju ad Stokksegr.
Skirdur par Sigurdur, sonur
Didda og Hadda - sjá 26. sept
s. l.

Þriðjud. *Annar í jólum.* Sv. - Nv. hálfskýjad
26 + 2° - ÷ 0°
- Gátum hunsa - Systa
fór til vinna sinnar

Miðvikud. *Mörsugur byrja.* Hvast NA. hálf
27 skýjad ÷ 1°.
Hákon fór í morgun

Desember 1967

Fimmtud. NA kaldi, lítt skýjad fyrst, síðar
28 alskýjad. ÷ 5°

Föstud. Hvast V. NV. Él. Hiti um 0°.
29 Förum ad Hróarsholti ad sokja
brúna hrysen sem vid áttum par
og kastad hafdi á porláksmessu.
Folaldid var dautt pegar vid komum.
Tabid er ad hrysan hafi ekki mjólkad
og svo sennilega ekki polad mjólk, sem
pri var gefin.

Laugard. *10. v. vetrar.* V. NV. - NA stinnings-
30 kaldi, él fyrst, síðar lítt skýjad.
÷ 5° - ÷ 10°

Desember 1967

Sunnud. Gamlársdagur. Nýtt tungl. Nýtt stúnnings kaldi

31 snjógangur - enkum að kvöldinu ÷10° ÷5° - Við Lennes og Hákon fórum í kirkju að Stokksegri. Vorum í kvöldmat í Hádarbrún, ásamt Ásu og Systen. Ánæjuleyt kvöld. Hermann heim kl. 11³⁰. Börnindanse til kl. 2.

Janúar 1968

1. Mánudagur.

2. Þriðjulagur.

3. Miðvikudagur.

4. Fimmtudagur.

5. Föstudagur

6. Laugardagur. Þrettándinn.

Janúar 1968

7. Sunnudagur.

8. Mánudagur.

9. Þriðjudagur.

10. Miðvikudagur.

11. Fimmtudagur.

12. Föstudagur.

13. Laugardagur.

14. Sunnudagur.

15. Mánudagur.